

Borgarstjórn

***Erindi: Tillaga um val á ytri endurskoðunarfyrirtæki***

Eitt af lögbundnum verkefnum endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar er að setja fram tillögu til borgarstjórnar um val á ytri endurskoðendum. Þar sem ráðningartími núverandi ytri endurskoðenda samstæðu Reykjavíkurborgar og einstakra B-hluta félaga rennur út með endurskoðun ársreiknings 2022 samþykkti borgarráð að efna til útboðs að nýju. Útboðið nær til endurskoðunar ársreiknings A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar í samræmi við 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga og endurskoðunar ársreikninga eftirtalinna B-hluta félaga sem falla innan samstæðu Reykjavíkurborgar:

- Orkuveitu Reykjavíkur samstæða
- Orkuveitu Reykjavíkur sef.
- OR Eigna ohf.
- Orku náttúrunnar ohf.
- ON Power ohf.
- Veitna ohf.
- Endurskoðun á sérstöku uppgjöri vegna dreifiveitu rafmagns til Orkustofnunar
- Orkuveitu Reykjavíkur - Vatns- og fráveitu sf.
- Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf.
- Carbfix hf.
- Coda Terminal hf.
- Ljósleiðarans ehf.
- Félagsbústaða hf.
- Faxaflóahafna sf.
- Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf.
- Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.
- Sorpu bs.
- Strætó bs.
- Þjóðarleikvangs ehf.

Forval var auglýst 13. janúar 2023 og aðgangur að gagnaherbergi vegna tilboða var veittur 5. apríl þeim fjórum aðilum sem uppfylltu hæfiskröfur forvals. Tilboðsfrestur rann út í dag. Eftirfarandi tilboð bárust frá tveimur endurskoðunarfyrirtækjum og eru fjárhæðir án virðisaukaskatts:

Grant Thornton endurskoðun ehf.	kr. 387.992.190
PricewaterhouseCoopers ehf.	kr. 389.350.000

Af þessu er ljóst að það eru tveir kostir vegna endurskoðunarverkefnisins eins og kveðið er á um í 2. tl. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014. Báðir aðilar uppfylla kröfur sem settar voru fram í forvalsgögnum en Grant Thornton endurskoðun ehf. býður lægra verð. Með bréfi þessu leggur endurskoðunarnefnd til við Borgarstjórn Reykjavíkur að Grant Thornton endurskoðun ehf. verði kosið endurskoðunarfyrirtæki Reykjavíkurborgar og samstæðu hennar í samræmi við 72. gr. laga 138/2011. Samþykki Borgarstjórn tillögu endurskoðunarnefndar verður gerður samningur til fimm ára í samræmi við útboðslýsingu með möguleika á framlengingu í allt að fimm ár. Í framhaldi verði sú tillaga lögð fyrir aðal- eða aukafundi stjórnarafangreindra B hluta félaga til afgreiðslu.

Virðingarfyllt,



f.h. endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar  
Lára Finnogason, formaður